

FYLGISEDILL

1. Heiti dýralyfs

Drontal vet. 230 mg/20 mg filmuhúðaðar töflur handa köttum

2. Innihaldslýsing

Hver tafla inniheldur:

Virk innihaldsefni:

Pyranterlembonat 230.0 mg

Praziquantel 20.0 mg

Sporöskjulaga tafla með deiliskoru.

3. Markdýrategundir

Kettir.



4. Ábendingar fyrir notkun

Drontal vet. er ormalyf sem ætlað er til notkunar gegn þráðormum (bitormum og spóluormum) og bandormum í köttum.

5. Frábendingar

Má ekki gefa köttum sem eru yngri en 6 vikna.

6. Sérstök varnaðarorð

Ormarnir skiljast út með saur.

Sérstakar varúðarreglur til öruggrar notkunar hjá markdýrategundunum:

Sníkjudýr geta myndað óþol gegn sumum flokkum ormalyfja við tíða og endurtekna notkun lyfja í þessum flokkum.

Sérstakar varúðarreglur fyrir þann sem gefur dýrinu lyfið:

Á ekki við.

Sérstakar varúðarreglur til þess að vernda umhverfið:

Á ekki við.

Meðganga og mjólkurgjöf:

Lyfið má gefa kettlingafullum og mjólkandi læðum.

Ofskömmun:

Fimmfaldur ráðlagður skammtur þoldist án vísbendinga um að kettirnir yrðu fyrir skaða. Við enn stærri skammta geta einkenni óþols komið fram sem uppköst.

7. Aukaverkanir

Kettir:

Koma örsjaldan fyrir (<1 dýr / 10.000 dýrum sem fá meðferð, þ.m.t. einstök tilvik):	Einkenni frá meltingarfærum ^{1,2} (slefmyndun ^{1,2} , uppköst ^{1,2} , ógleði ^{1,2}) Taugasjúkdómur ¹ (áttavilla ¹ , jafnvægistruflanir ¹)
---	--

¹ Vægt, skammvinnu og sjálflagandi.

² Hugsanlega vegna framandi eggjahvítefna (próteina) sem deyjandi ormarnir mynda.

Mikilvægt er að tilkynna aukaverkanir. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með öryggi dýrallyfsins. Byrja skal á að gera dýralækni viðvart ef vart verður einhverra aukaverkana, jafnvel aukaverkana sem eru ekki tilgreindar í fylgiseðlinum, eða ef svo virðist sem lyfið hafi ekki tilætluð áhrif. Það er líka hægt að tilkynna aukaverkanir til markaðsleyfishafans eða fulltrúa hans með því að nota upplýsingar um tengiliði sem eru aftast í fylgiseðlinum eða gegnum tilkynningakerfi lyfjafirvalda:

www.lyfjastofnun.is

8. Skammtar fyrir hverja dýrategund, íkomuleiðir og aðferð við lyfjagjöf

Til inntöku.

Venjulegur skammtur (stakskammtur): 1 tafla fyrir hver 4 kg líkamspunga. Ávallt skal fylgja fyrirmælum dýralæknis.

9. Leiðbeiningar um rétta lyfjagjöf

Töflurnar eru með deiliskoru og þeim er hægt að skipta. Ef skipta á töflu skal leggja hana á harðan flöt þannig að deiliskoran vísi upp og þrýsta síðan á töfluna.

Töflurnar má gefa beint upp í kjaft kattarins eða blanda þeim í fóður.

10. Biðtími fyrir afurðanýtingu

Á ekki við.

11. Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður dýralyfsins.
Ekki skal nota dýralyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á umbúðunum á eftir Exp.
Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

12. Sérstakar varúðarreglur vegna förgunar

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi.

Ónotuðum dýralyfjum og úrgangi sem fellur til við notkun þeirra skal farga í gegnum lyfjaskilakerfi samkvæmt reglum á hverjum stað og því kerfi sem við á í hverju landi. Markmiðið er að vernda umhverfið.

Leitið ráða hjá dýralækni í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota.

13. Flokkun dýralyfsins

Dýralyfið er ávísunarskylt.

14. Markaðsleyfisnúmer og pakkningastærðir

MTnr 980419

Þynnupakkningar með 2, 6, 20 eða 24 töflum.
Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

15. Dagsetning síðustu endurskoðunar fylgiseðilsins

06/2026

Ítarlegar upplýsingar um dýralyfið eru birtar í [gagnagrunni Evrópusambandsins yfir dýralyf](https://medicines.health.europa.eu/veterinary) (<https://medicines.health.europa.eu/veterinary>).

16. Tengiliðaupplýsingar

Markaðsleyfishafi:

Vetoquinol S.A.

Magny-Vernois

70200 Lure

Frakkland

Framleiðandi sem er ábyrgur fyrir lokasambýkkt:

KVP Pharma + Veterinär Produkte GmbH

Projensdorfer Str. 324
D-24106 Kiel
Þýskaland

Vetoquinol S.A.
Magny-Vernois
70200 Lure
Frakkland

Fulltrúar markaðsleyfishafa og tengiliðaupplýsingar til þess að tilkynna grun um aukaverkanir:

Equidan Vetline
Baggeskærvej 56
DK - 7400 Herning
Sími: +45 96 81 40 00

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa á hverjum stað ef óskað er upplýsinga um lyfið.

17. Aðrar upplýsingar